



## Vorskýrsla 2016



Ábyrgðarmaður: Hanna Dóra Björnsdóttir



## Innihald

|                                                                                          |    |
|------------------------------------------------------------------------------------------|----|
| Inngangur .....                                                                          | 4  |
| Skólaárið 2015-2016 .....                                                                | 4  |
| Annáll aðstoðarskólastjóra frá skólaslitum .....                                         | 6  |
| Varmahlíðarskóli 40 ára, afmælishátíð .....                                              | 8  |
| Byrjendalæsi .....                                                                       | 10 |
| Eineltisáætlun Olweusar .....                                                            | 11 |
| Félagsmál.....                                                                           | 11 |
| 1.-6.bekkur .....                                                                        | 11 |
| 7. - 10. bekkur .....                                                                    | 12 |
| Árshátíð yngri nemenda .....                                                             | 13 |
| Árshátíð eldri nemenda.....                                                              | 14 |
| Foreldrafélag Varmahlíðarskóla .....                                                     | 15 |
| Forvarnir .....                                                                          | 15 |
| Gaman saman.....                                                                         | 16 |
| Heilsueflandi grunnskóli .....                                                           | 16 |
| Heilsugæsla .....                                                                        | 17 |
| Náms- og starfsráðgjöf.....                                                              | 17 |
| Nýsköpunarkeppni grunnskóla 2016 .....                                                   | 18 |
| Sérkennsla og stuðningur við nemendur .....                                              | 19 |
| Nemendaverndarráð.....                                                                   | 20 |
| Talmeinafræðingur .....                                                                  | 20 |
| Sálfræðingur .....                                                                       | 20 |
| Uppeldis- og sálfræðiráðgjafi.....                                                       | 21 |
| Skín við sólu .....                                                                      | 21 |
| Skólablaðið .....                                                                        | 22 |
| Stóra upplestrarkeppnin .....                                                            | 22 |
| Stærðfræðikeppni Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og Menntaskólans á Tröllaskaga ..... | 23 |
| Sveitadagar vorið 2016 .....                                                             | 23 |
| Valgreinar í 8. – 10. bekk.....                                                          | 23 |
| Vinaliðaverkefnið .....                                                                  | 25 |
| Vorferðir .....                                                                          | 26 |
| Vorferð 1. – 4. bekkjar.....                                                             | 26 |

|                                         |    |
|-----------------------------------------|----|
| Vorferð 5. bekkjar .....                | 26 |
| Vorferð 6. bekkjar .....                | 27 |
| Vorferð 7. og 8. bekkjar .....          | 28 |
| Vorferð 9. bekkjar .....                | 29 |
| Danmerkurferð 10. bekkjar .....         | 30 |
| Bókasafn Varmahlíðarskóla .....         | 31 |
| Starfsskýrsla veturinn 2015 - 2016..... | 31 |
| Sumarlestur 2015.....                   | 33 |

## Inngangur

Vorskýrsla er hluti af skólanámskrá Varmahlíðarskóla. Í vorskýrslunni (ársskýrslu skólaársins) er fjallað um það sem hæst ber í starfsemi skólans 2015-2016. Vorskýrslunni er í senn ætlað að vera verkfæri í innra mati skólans og mikilvæg heimild um skólastarf og inntak þess. Skýrslan er nokkurs konar svörun við starfsáætlun skólans frá hausti og samantekt á hvernig unnist hefur úr markmiðum og áformum sem þar var lagt upp með. Starfsáætlun er að finna á heimasíðu skólans. Einnig má ávallt nálgast á heimasíðu ýmsar upplýsingar um daglegt starf, almenna starfshætti og stefnu skólans.

Í vorskýrslunni birtast skýrslur um öflugt og skapandi starf sem starfsfólk, nemendur og foreldrar eru stoltir af. Höfunda er getið við hverja greinagerð. Ragnheiði Sövik er þökkun verkstjórn og utanumhald um efnisöflun í skýrsluna auk yfirlesturs á skýrslunni allri.

Stjórnendur og starfsfólk Varmahlíðarskóla þakkar öllum aðilum gott og gefandi samstarf á skólaárinu 2015-2016 og að venju hlökkum við til komandi verkefna.

## Skólaárið 2015-2016

Í Varmahlíðarskóla takast skagfirsk börn á við metnaðarfull verkefni, bæði í leik og starfi. Við væntum þess að skólastarfið sé framsækið en skólinn fái samt notið sjarma sinnar sérstöðu sem sveitaskóli. Varmahlíðarskóli er grunnskóli fyrir 1.-10. bekk, staðsettur í Varmahlíð í Skagafjarðarsýslu og rekinn af Sveitarfélaginu Skagafirði og Akrahreppi.

Skólastjóraskipti urðu í Varmahlíðarskóla haustið 2015. Hanna Dóra Björnsdóttir tók við starfi skólastjóra frá 1. ágúst. Kristvina Gísladóttir gegndi áfram starfi aðstoðarskóla til vors en fór þá í barneignarleyfi. Lára Gunndís Magnúsdóttir tók við stöðu aðstoðarskólastjóra í afleysingum frá 1. apríl.

Skólinn var settur við hátíðlega athöfn 26. ágúst. Skólastjóri ávarpaði gesti og bauð nemendur í 1. bekk sérstaklega velkomna. Nemendur fengu afhent pennaveski að gjöf sem tákni fyrir nýtt upphaf og byrjun skólagöngunnar. Nemendur að hausti voru 131. Samkennta árganga var í 3.-4. bekk.

### Yfirlit yfir bekki, fjölda drengja, stúlkna og umsjónarkennara

| Bekkur | Drengir | Stúlkur | Alls | Umsjónarkennari           |
|--------|---------|---------|------|---------------------------|
| 1.     | 3       | 3       | 6    | Sara Gísladóttir          |
| 2.     | 5       | 7       | 12   | Lára Gunndís Magnúsdóttir |
| 3.     | 5       | 3       | 8    | Birgitta Sveinsdóttir     |
| 4.     | 4       | 2       | 6    | Birgitta Sveinsdóttir     |
| 5.     | 9       | 7       | 16   | Trostan Agnarsson         |

|                |           |           |            |                            |
|----------------|-----------|-----------|------------|----------------------------|
| 6.             | 11        | 3         | 14         | Hafdís Guðlaug Skúladóttir |
| 7.             | 7         | 9         | 16         | Sigrún Benediktsdóttir     |
| 8.             | 6         | 10        | 16         | Helga Sigurðardóttir       |
| 9.             | 9         | 7         | 16         | Helga Rós Sigfúsdóttir     |
| 10.            | 9         | 12        | 21         | Ólafur Atli Sindrason      |
| <b>Samtals</b> | <b>68</b> | <b>63</b> | <b>131</b> |                            |

Starfsmenn skólans voru 39 á skólaárinu. Stjórnendur voru þrír, skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri stoðþjónustu. Kennarar með réttindi voru 19 að meðtöldum stjórnendum og tveir leiðbeinendur í hlutastarfi við list- og verkgreinakennslu. Stöðugildi til kennslu voru 14,3. Stuðningsfulltrúar þrír í 2,75 stöðugildum. Skólaliðar fjórir í 3,4 stöðugildum. Einn þroskaþjálfari var í 85% starfi, ritari í 80% starfi og húsvörður í fullu starfi. Matráðar fjórir í 3,43 stöðugildum. Starfsmenn íþróttamiðstöðvar voru fjórir, þar af er forstöðumaður íþróttamiðstöðvar í 100% starfi. Aðrir starfsmenn í íþróttahúsi voru þrír í 2,4 stöðugildum.

Einn nýr kennari var ráðinn til starfa, Trostan Agnarsson í stað Sigríðar Ólafar Þóru Sigurðardóttur. Ekki fékkst réttindakennari í fasta stöðu smíðakennara en Óskar Már Atlason kenndi smíðar í nokkrum kennslulotum á vorönn í öllum árgöngum.

Skólaárinu var skipt í tvær annir og lauk hvorri önn með námsmati. Skólastarfið var fjölbreytt að vanda og ber skýrsla þessi því góðan vitnisburð. Fulltrúi skólans fékk fyrstu verðlaun í Stóru upplestrarkeppni 7. bekinga í Skagafirði. Þrír nemendur í 9. bekk komust í úrslit í stærðfræðikeppni 9. bekkja og vann nemandi Varmahlíðarskóla lokakeppnina með fullt hús stiga. Fjórir nemendur komust áfram í úrslit Nýsköpunarkeppni grunnskólanna með þrjár hugmyndir, ein hugmyndin endaði í 3. sæti. Einn nemandi skólans náði að leysa þrautir í ratleik forvarnarsins, viðurkenning þess var afhent af forseta Íslands, Ólafi Ragnari Grímssyni, á Bessastöðum.

Varmahlíðarskóli fagnaði 40 ára afmæli sínu á skólaárinu og í tilefni af því var opið hús í skólanum 26. maí, auk þess sem efnt var til hátíðarsamkomu í íþróttamiðstöð. Nemendur sýndu dans og fyrrum skólastjóri Varmahlíðarskóla, Páll Dagbjartsson, ávarpaði samkomuna. Gestum var boðið uppá kaffi og meðlæti í skólanum og gátu þar litið augum afrakstur þemadaga sem tileinkaðir voru afmælishátíðinni. Nýr skólasöngur Varmahlíðarskóla var frumfluttur á afmælishátíðinni en Stefán R. Gíslason samdi lagið og Ólafur Atli Sindrason textann.

Skólaslit og útskrift nemenda fór fram við hátíðlega athöfn í Miðgarði þann 31. maí, að viðstöddu fjölmenni. Nemendur 5. bekkjar fluttu erindi úr ljóðinu *Skin við sólu Skagafjörður* á sinn sérstaka hátt. Bjarni Maronsson flutti ávarp og afhenti nemendum 5. bekkjar bókagjöf f.h.

Kaupfélags Skagfirðinga, frumkvöðuls og styrktaraðila Skín við sölu verkefnisins. Útskriftar-nemendur tóku við útskriftarskírteinum og veittar voru viðurkenningar fyrir góðan náms-árangur. Að athöfn lokinni var gestum boðið til hefðbundins kaffisamsætis í mötuneyti skólans.

*Varmahlíð, vor 2016*

*Hanna Dóra Björnsdóttir, skólastjóri.*

## Annáll aðstoðarskólastjóra frá skólaslitum

Skólaárið 2015-2016, litið um öxl

Ég ætla í stuttu máli að líta um öxl og rifja upp hvað þetta skólaár hefur fært okkur. Því auk hefðbundins náms höfum við fengist við margt skemmtilegt.

Þegar við komum saman hér á haustdögum byrjaði skólaárið með skemmtilegri **hreyfiviku** þar sem nemendur unnu saman í hópum og hreyfðu sig á ýmsa lund. Leitast var við að kynna fyrir nemendum íþróttagreinar sem þeir stunda ekki að staðaldri. Þetta voru vel heppnaðir dagar sem hristu okkur vel saman í upphafi skólaársins.

**Göngur og réttir** settu svip sinn á skólastarfið að vanda sem og önnur störf í umhverfi okkar. Skólinn okkar á því láni að fagna að eiga gott samstarf við umhverfi sitt eins og **Sveitadagar** sýna glöggvitni.

Unnið var að **Læsisstefnu** fyrir skólana í Skagafirði í vetur og í tengslum við það tóku nemendur ýmsa lestrarspetti undir stjórn sinna kennara.

Á hverju ári brjótum við hefðbundið skólastarf upp með **árshátíðarvinnu**. Þar sýna margir á sér nýjar hliðar og öðlast færni sem jafnvel kemur sjálfum þeim á óvart.

Árshátíð eldri nemenda fór fram í janúar þar sem leikritið 16 á vonlausu var æft og sýnt. Og í mars stigu yngri nemendur á stökk og brugðu sér í hlutverk Hróa hattar og vina hans í Skíris-skógi. Tókust báðar þessar hátíðir með miklum ágætum.

Við ferðumst eins og venja er, allir bekkir fóru í skíðaferð í Tindastól, auk skólaferða nú í vor. 10. bekkur gekk í Hildarsel á haustdögum og nemendur í landbúnaðarvali tóku sér ferð á hendur til Hvanneyrar í haust og kynntu sér skólastarf Landbúnaðarháskólans.

Óhætt er að segja að veturinn hafi verið afar **sigursæll** fyrir nemendur skólans. Fulltrúar okkar öttu kappi við jafnaldra sína á ýmsum vígstöðvum. Má þar nefna **stærðfræðikeppni** FNV og MTR og Stóru upplestrarkeppni Radda. Í báðum þessum keppnum höfðu fulltrúar okkar sigur.

Í **Nýsköpunarkeppninni** komust nemendur frá okkur á verðlaunapall.

Við áttum einnig sigurvegara í ratleik **forvarnardagsins** sem sótti viðurkenningu sína á Bessastaði ásamt Hönnu Dóru skólastjóra.

Þátttakendur Varmahlíðar í **Stíl**, hönnunarkeppni félagsmiðstöðva, báru sigur úr bítum hér í héraði og tóku þátt í landskeppni í nóvember.

Söngelskur nemandi sigraði **Söngkeppni félagsmiðstöðva** og komst áfram á Norðurorg.

Nokkrir drengir héðan tók þátt **Íslandsmeistaramóti í glímu** síðastliðið haust og þar náðist Íslandsmeistaratitill.

**Skólahreystiliðið** okkar stóð sig vel og hafnaði í þriðja sæti í landshlutakeppninni. Á öllum þessum vígstöðvum stóðu nemendur sig með stakri þýði og voru skólanum sínum til sóma.

**Foreldrafélagið** studdi skólastarfið að venju. Stóð að jólaföndri í nóvember, góðri samveru foreldra og barna. Skipulagði ratleik síðsta skóladaginn og tók þátt í grilli við lok félagsmála. **Kærar þakkir** til allra þeirra sem lögðu okkur lið á einn eða annan hátt.

Auk alls þess sem þegar er upp talið er ekki hægt að skilja við þetta skólaár án þess að nefna söngstundir, Gaman saman samstarf við Birkilund, Skín við sólu verkefnið, heimsóknir til eldri borgara á Löngumýri, Vinadaginn og áheitaþlaup 7. og 8. bekkjar þar sem göfugu markmiði var náð og nemendur létu gott af sér leiða. Það verkefni var tilnefnt til **Foreldraverðlauna Heimilis og skóla**.

Skólaárið endaði svo með vel heppnuðum **þemadögum** þar sem við minntumst 40 ára afmæli skólans og héldum afmælisveislu. Þar sungum við nýjan **skólasöng** eftir þá félaga Stefán Gíslason og Ólaf Atla Sindrasen.

Þegar við lítum til baka hefur þetta verið **gjöfult og gleðiríkt** skólaár. En í lokin langar mig að deila með ykkur bestu spurningu ársins sem nemandi bar upp nú á vordögum. Hann spurði Hönnu Dóru í lok samveru okkar í setustofunni „Verður þú skólastjóri hér á næsta ári?“. Svar hennar hlaut lófatak allra viðstaddra þegar hún svariði: Já, ég hef hugsað mér það.

*Lára Gunnðís Magnúsdóttir,  
aðstoðarskólastjóri*



## Varmahlíðarskóli 40 ára, afmælishátíð

Varmahlíðarskóli fagnaði 40 ára afmæli sínu á skólaárinu. Núverandi skólahúsnæði var tekið í notkun veturinn 1975-1976 og fyrsti árgangurinn því útskrifaður þaðan vorið 1976. Skólahald í Varmahlíð á sér reyndar mun lengri en 40 ára sögu því árið 1944 hófst þar unglingakennsla sem stóð í 2 ár. Árið 1966 hófst aftur kennsla í ófullgerðum Miðgarði. Næstu árin var skólinn þar, kennt var í tveimur bekkjum og kallaðist héraðsskóli. Í nóvember 1973 undirrituðu tíu sveitarfélög í Skagafirði, ásamt menntamálaráðuneytinu, samning um byggingu og starfrækslu heimavistarskóla í Varmahlíð. Varmahlíðarskóli tók til starfa undir því nafni í Miðgarði haustið 1974. Hann starfar samkvæmt gildandi lögum um barna- og unglingafræðslu og hefur tekið breytingum samfara breytingum á þeim. Bygging skólahússins hófst 1973 og var rekstrar- aðilum skólans afhent sundlaugin á staðnum til eignar og afnota. A-álma núverandi skólahúss var vígð í nóvember 1975 en B-álman árið eftir. Haustið 1994 fluttust nemendur úr Melsgili í Varmahlíðarskóla og það sama haust var kennsla yngstu nemendanna flutt úr Miðgarði. Haustið 2003 bættust svo nemendur Steinsstaðaskóla við og nemendur Akraskóla haustið 2006. Haustið 1974 var Páll Dagbjartsson ráðinn skólastjóri og gegndi þeirri stöðu til 2011, með tveggja ára hléi þar sem Karl Lúðvíksson og Einar Georg Einarsson leystu hann af, hvor sitt árið. Eftir að Páll lét af störfum var Ágúst Ólason ráðinn skólastjóri og starfaði hann til ársins 2013. Þá tók Freyja Friðbjarnardóttir við næstu tvö árin, en seinna skólaárið leysti Kristvina Gísladóttir hana af að hluta, vegna veikindaleyfis. Núverandi skólastjóri, Hanna Dóra Björnsdóttir, tók til starfa síðast liðið haust. Flestir hafa nemendur Varmahlíðarskóla orðið 167 og voru þá um 60-70 þeirra í heimavist. Var hún lögð niður árið 1998. Nemendur skólans koma úr Varmahlíð og dreifbýlinu í framanverðum Skagafirði, en auk þess eru nokkrir frá öðrum svæðum. Í skólanum er mötuneyti og eru þeir nemendur sem eru utan göngufæris við skólann í daglegum skólaakstri. Frá árinu 1998 hefur Tónlistarskóli Skagafjarðar haft starfsemi innan veggja skólans og hátt hlutfall nemenda nýtir sér tónlistarnámið.

Á vordögum voru þemadagar tileinkaðir 40 ára afmæli skólans. Nemendur unnu í smiðjum sem þeir völdu sér. Veitingasmiðjan sá um að undirbúa allar veitingar sem bornar voru á borð á afmælishátíðinni. Unnið var með sögu skólans í sögusmiðju þar sem nemendur skólans tóku viðtöl við núverandi og fyrrverandi starfsfólk og nemendur. Í leiklistarsmiðju var brugðið á leik og hreyfismiðjan var vinsæl að venju. Myndlistarsmiðjan réðst í það göfuga verkefni að útfæra og hefja vinnu við myndræna úrvinnslu á gildum skólans virðing – metnaður – vellíðan.

Í framhaldi af þemadögum var efnt til hátíðarsamkomu og haldið opið hús í skólanum 26. maí. Þar gafst gestum tækifæri til að heimsækja skólann og sjá afrakstur þemadaga. Nemendur sýndu dans, núverandi skólastjóri og fyrrum skólastjóra Varmahlíðarskóla, Páll Dagbjartsson, ávörpuðu samkomuna. Oddviti Akrahrepps, Agnar H. Gunnarsson, og sveitastjóri Skagafjarðar Ásta B. Pálmadóttir, færðu skólanum gjafir. Gestum var boðið uppá kaffi og meðlæti í skólanum.

Nýr skólasöngur Varmahlíðarskóla var frumfluttur á afmælishátíðinni en Stefán R. Gíslason samdi lagið og Ólafur Atli Sindrason textann.

*Hanna Dóra Björnsdóttir, skólastjóri*

## Skólasöngur Varmahlíðarskóla

Lag og ljóð: Stefán R. Gíslason og Ólafur Atli Sindrason

The musical score is written in treble clef with a key signature of one sharp (F#) and a common time signature (C). It consists of five staves of music, each with a corresponding line of lyrics in Icelandic. Chords are indicated by letters above the staff, and some are accompanied by a small guitar icon. The lyrics are:   
1. Í Varm - a - hlíð - ar skól - a er virð - ing okk - ar dyggð og varð - a alls sem   
2. líf - ið okk - ur kenn - ir. Vinn - u - sem - i rækt - um og virð - um heim - a - byggð, það   
3. vöxt og þrosk - a stoð - um und - ir renn - ir. Hug og sál við höf - um sam - an   
4. nært, til heill - a stig - ið spör - ið. Heil - an vet - ur   
5. höf - um mik - ið lært en höld - um út í vor - ið.

Chords shown: C, G, C, F, Fm, C/G, G7, C7, F, C, G, C7, F, C, Dm, G7, C.

## Byrjendalæsi

Kennsluaðferðin Byrjendalæsi var kennd í 1. og 2. bekk í vetur. Með henni er lestrarkennsla með öðru sniði en hefðbundin hljóðaaðferð. Aðferðin er samvirk þar sem unnið er með hlustun, lestur, tjáningu og ritun jöfnum höndum.

Byrjendalæsi er í þremur þrepum. Í fyrsta þrepi kynnast nemendur gæðatexta. Í öðru þrepi vinna nemendur með tæknilega þætti lestrarnáms og í þriðja þrepi semja þeir efni á grunni upphafslegs texta.

Í vetur byrjaði hver vika á lestri sögubókar. Unnið var með lykilorð upp úr bókinni og nemendum 1. bekkjar voru kenndir tveir stafir úr lykilorðinu. Lykilorðið var klippt í sundur og því raðað saman aftur og fundin orð í orðinu. Stafainnlögn var markviss tvo daga í viku, þá einn stafur í senn.

Á mánudögum byrjuðu bekkirnir lestur bókarinnar. Á miðvikudögum var stöðvavinna með ýmiss konar verkefnavinnu. Á þriðjudögum var spjallað um bókina og síðan fórum við í hópaverkefni. Á fimmtudögum sýndum við afrakstur vinnu nemenda frá þriðjudeginum. Þegar það átti við var bók vikunnar samþætt verkefnum í náttúru- og samfélagsfræði.

Alla vikuna var unnið með texta bókarinnar á mismunandi hátt, s.s. spil, krossgátur, orðasúpur eða sóknarskrift. Á þriðjudögum voru unnin ritunarverkefni, s.s. sögugerð, leikrit, söguvegur eða bréfaskrift. Stundum var fönðrað og teiknaðar myndir. Nemendur unnu minna í hefðbundnum vinnubókum.

Notaðar voru vinsælar barnabækur sem innihéldu litríkar myndir og merkingarbæran texta.

Formlegri stafainnlögn lauk í febrúar og þá var farið að vinna með hugtök eins og samsett orð, mismunandi merkingu sama orðs og rím.

Nemendur unnu oft í hópum eða hringekju. Kennarar eru sammála um að vinnugleði hafi einkennt nemendur en það var meiri hreyfing og erill í kennslustundum en með hefðbundinni kennsluaðferð. Með því að láta nemendur vinna í hópum þá myndast ákveðið svigrúm til að vinna ítarlega með einstaka nemendur.

Nemendur lásu í heimalestrarbókum einu sinni á dag og var það eina heimavinnan sem tilheyrði Byrjendalæsi.



Lára Gunndís  
Magnúsdóttir  
og Sara  
Gísladóttir



## Eineltisáætlun Olweusar

Í Varmahlíðarskóla var í vetur áfram unnið undir merkjum Olweusar, verkefnastjóri var Helga Harðardóttir kennsluráðgjafi. Fimm lykilmenn, þeir Linda Gunnarsdóttir, Helga Rós Sigfúsdóttir, Sara Gísladóttir, Helga Sigurðardóttir og Birgitta Sveinsdóttir störfuðu í skólanum í vetur ásamt oddvita Kristvinu Gísladóttur. Vetrarstarfið var með svipuðum hætti og undanfarin ár. Bekkjarfundir voru haldnir reglulega í öllum bekkjum. Eineltisreglur voru yfirfarnar og hengdar upp í bekkjarstofum.

Olweusarkönnun var lögð fyrir nemendur í 4. - 10. bekk. Niðurstöður úr könnuninni bárust í janúar og voru í kjölfarið kynntar á starfsmannafundi. Helstu niðurstöður voru einnig kynntar nemendum auk þess sem skoða má þær í gagnasafni á heimasíðu skólans. Í ljós kom að einelti virðist hafa aukist og því var ákveðið að hefja endurinnleiðingarferli á vorönn.

Frá aprílbyrjun tók Lára Gunndís Magnúsdóttir við verkefnastjórn þegar Kristvina Gísladóttir fór í barneignarleyfi. Lára hefur einnig hafið verkefnastjóranám sem er byggt upp á 8 lotum sem dreifist á tvö ár. Á næsta skólaári verður haldið áfram með endurinnleiðinguna og unnið eftir nýrri Olweusaráætlun sem lykilmenn unnu fyrr í vetur.

*Lára Gunndís Magnúsdóttir*

## Félagsmál

### 1.-6.bekkur

Félagsmál 1.-6. bekkjar snúast að mestu leyti um bekkjarskemmtanir og árshátíðina. Bekkjar-skemmtanir eru haldnar tvisvar á skólaári; einu sinni fyrir áramót og einu sinni eftir áramót. Á þessum skemmtunum mega nemendur koma með drykk og sælgæti fyrir 700 -1000 krónur. Farið er í allskonar leiki og/eða horft á mynd. Hver umsjónarkennari skipuleggur þær með sínum umsjónarnemendum. Flestar skemmtanir eru haldnar að loknum skóladegi. Árshátíð yngri nemenda var haldin 4. mars í Miðgarði og þar tóku allir nemendur 1.-6.bekkjar þátt í sameiginlegri leiksýningu. Á eftir sýningu var diskótek og kaffiveitingar.

*Sara Gísladóttir*



## 7. - 10. bekkur

Veturinn 2015-2016 var starfandi nemendaráð við skólann eins og aðra vetur og var það skipað tíu nemendum úr 7. til 10. bekk. Sú nýbreytni var þetta árið að nemendur buðu sig fram sem fulltrúa í nemendaráði og þurftu að flytja framboðsræður fyrir framan bekkjarfélaga sína sem síðan kusu á milli. 10. bekkjar frambjóðendur fluttu sínar ræður fyrir framan 7.-10. bekk sem síðan kusu formenn nemendaráðs.

Nemendaráð 2015-2016:

- Freyja Sól Bessadóttir (formaður)
- Gísli Laufeyjarson Höskuldsson (formaður)
- Silja Rún Friðriksdóttir (varamaður)
- Sæþór Már Hinriksson (varamaður)
- Berglind Gunnarsdóttir
- Andri Snær Tryggvason (varamaður)
- Jódís Helga Káradóttir
- María Sigríður Berg Hannesdóttir (varamaður)
- Hafsteinn Máni Björnsson
- Sara María Ómarsdóttir (varamaður)

Fundir voru einu sinni í viku til að byrja með, en eftir að allt var komið af stað voru fundir þegar þess þurfti. Nemendaráð skipulagði diskótekin og félagsstarfið almennt með Helgu Rós Sigfúsdóttur sem sá um að halda utan um félagsmálin í vetur fyrir hönd skólans. Starfsmaður frá Húsi frítímans kom til aðstoðar annan hvern fimmtudag. Einu sinni í mánuði voru diskótek á fimmtudögum, kl. 18:00-21:00. Þá daga voru félagsmál kl. 16:00-18:00 og matur kl. 18:00-18:30. Þá fimmtudaga sem voru bara félagsmál voru þau kl. 16:00 - 18:00. Félagsmálin voru tvisvar í mánuði að jafnaði.

Ýmislegt var brallað í vetur, t.d. sælgætisgerð með Bryndísi heimilisfræðikennara, kappát, tie dye, íþróttakeppnir á milli bekkja og margt fleira skemmtilegt. 24. maí var síðasti félagsmáladagurinn og þá var farið í rafting með Viking rafting niður Húseyjarkvíslina. Lagt var af stað rétt fyrir kl. 15 og komið aftur í skólann kl. 17. Þá fóru allir í sund og foreldrafélagið sá svo um að grilla handa okkur hamborgara.

Hús frítímans bauð upp á í vetur, eins og síðustu ár, að nemendur frá 4. bekk og upp úr kæmu á föstudögum í hinar ýmsu smiðjur þar. Einnig gekk skíðastrætó þegar þannig viðraði. Frístundastrætó gekk frá janúarbyrjun til aprílloka á föstudögum kl. 13:20 - 17:00.

Nemendur í 8. - 10. bekk tóku einnig þátt í hinum ýmsu félagsmálum á vegum félagsmiðstöðvarinnar Friðar, t.d. Söngkeppni Friðar, Stíl og ýmsu öðru.

*Helga Rós Sigfúsdóttir*





### Árshátíð yngri nemenda

Föstudaginn 4. mars var árshátíð yngri nemenda haldin í Miðgarði. Sýnt var leikritið *Hrói Höttur* eftir Guðjón Sigvaldason. Leikstjóri var Helga Rós Sigfúsdóttir. Allir nemendur í 1. – 6. bekk tóku þátt í sýningunni. Leikritið var ákveðið í lok febrúar og þá var handritið pantað frá leiklist.is. Nemendur 6. bekkjar byrjaðu að æfa mánudaginn 22. febrúar. Nemendur 1. - 4. bekkjar fengu að vita hvaða lög þeir þyrftu að læra og fengu svo danskennslu við lögin í seinni vikunni sem 6. bekkur sá um alfarið um. Á hádegi þriðjudeginum 1. mars fóru svo allir bekkir í Miðgarð og æfðu þar.

Íris Olga og Guðmundur húsvörður sáu um gerð sviðsmyndar, með hjálp frá því starfsfólki og nemendum í 7. og 10. bekk sem höfðu tíma hverju sinni. Sviðsmenn voru Stefán Ármann Vagnsson, Berglind Vala Valdimarsdóttir, Ingunn Ingólfssdóttir og Thamonwan Wimon-watchataporn (Fon). Ljósamenn voru Orri (Einar Örn Einarsson) og Helgi Mednis Guðmundsson. Hljóðmenn voru Stefán Gísli Haraldsson, Unnur Gottsveinsdóttir og Aníta Ýr Atladóttir. Búninga og leikmuni komu nemendur með að heiman, fengu í skólanum og/eða að láni hjá starfsfólki.

Tæplega 300 manns mættu í kaffi eftir sýningu í anddyri og sal Miðgarðs.

Leikskrárgerð var í höndum Sigrúnar Benediktsdóttur. Skólablað var gefið út og selt á kr. 1000. Það gleymdist að selja blaðið á árshátíðinni og reynt hefur verið að selja blöðin á hinum ýmsu atburðum sem tengjast skólanum. 50 stk. voru prentuð og 15 stk. eru eftir. Það voru prentaðar 180 stk. af leikskrá og 54 stk. afgang. Íris Olga Lúðvíksdóttir tók árshátíðina upp og að þessu sinni var boðið upp á að setja árshátíðina inn á USB lykill og kostaði það 1.500 kr.

*Hafdís Guðlaug Skúladóttir*



6. bekkur 2016/árgangur 2004

### Árshátíð eldri nemenda

Föstudagskvöldið 15. janúar kl. 20 var árshátíð eldri nemenda haldin í Miðgarði. Að þessu sinni var settur upp söngleikurinn *Ótán á (von)lausu* eftir Gísla Rúnar Jónsson. Leikstjóri var Helga Rós Sigfúsdóttir. Allir nemendur í 7. - 10. bekk tóku þátt í uppsetningunni.

Sviðsmenn voru Stefán Ármann Vagnsson, Hólmsteinn Orri Þorleifsson, Ásdís Eva Halldórsdóttir og Þórir Árni Jólsson. Tæknimenn voru Einar Örn Einarsson, Stefán Gísli Haraldsson, Unnur Gottsveinsdóttir, Aníta Ýr Atladóttir og Helgi Mednis Guðmundsson. Sviðsmynd gerði Íris Olga Lúðvíksdóttir ásamt nemendum 7. - 10. bekkjar

og starfsfólki skólans. Nemendur útveguðu að mestu búninga sjálfir en eitthvað var fundið til í búningageymslu skólans. Þar sem ekki fannst undirspil af lögunum var stofnuð hljómsveit skipuð tónlistarkennurum tónlistarskólans og sáu þeir um að spila undir. Hljómsveitarmeðlimir voru Stefán R. Gíslason, Einar Þorvaldsson, Jóhann Friðriksson og Margeir Friðriksson. Nemendur í 9. og 10. bekk sömdu dansana við lögin.

Elín Rós Þorkelsdóttir Wadström, Freydís Þóra Bergsdóttir, Ingigerður Magnúsdóttir, Jódís Helga Káradóttir, Vigdís María Sigurðardóttir og Sigrún Benediktsdóttir gerðu leikskrána. Miðinn var seldur á 2.500 kr. fyrir 16 ára og eldri og 1.000 kr. fyrir grunnskólanemendur utan Varmahlíðarskóla. Veislukaffi var í matsal skólans að sýningu lokinni.

Ball var haldið í Miðgarði eftir sýningu til kl. 00:30 fyrir 7. - 10. bekk og boðið var upp á ferðir með frístundastrætó til og frá dansleik. Hljómsveit hússins sá um tónlistina og kostaði kr. 1.500 inn á ballið.

Íris Olga Lúðvíksdóttir tók sýninguna upp og að þessu sinni var í boði að setja árshátíðina inn á USB lykill og kostaði það kr. 1500.



*Helga Rós Sigfúsdóttir*

## Foreldrafélag Varmahlíðarskóla

Aðalfundur Foreldrafélags Varmahlíðarskóla fyrir skólaárið 2015-2016 var haldinn 6. október 2015. Atli Már og Helga Sjöfn máttu ganga úr stjórn en gáfu kost á sér áfram og voru kosin til tveggja ára. Stjórn foreldrafélagsins var þá svona skipuð: Helga Sjöfn Helgadóttir formaður, Atli Már Traustason ritari, Valgerður Inga Kjartansdóttir gjaldkeri. Varamenn eru Guðrún Kristín Eiríksdóttir og Vagn Þormar Stefánsson. Kosnir voru bekkjarfulltrúar foreldra úr hverjum bekk og fulltrúar foreldra úr 5. bekk til undirbúnings öskudags. Foreldrafélagið niðurgreiddi leikhúsmiða á Kardimommubæinn um 1.000 kr. fyrir nemendur í 1.-6. bekk. Einnig styrkti foreldrafélagið félagsstarf eldri nemenda. Í lok nóvember sáu bekkjarfulltrúar foreldra um aðventuhátíð í skólanum. Í febrúar sáu fulltrúar foreldra í 5. bekk um öskudagsskemmtun í íþróttahúsinu. Í mars greiddi foreldrafélagið fyrir fræðslufyrirlestur fyrir foreldra um það hvernig megi ræða við unglinga um kynlíf. Það var kynfræðingurinn Sigga Dögg sem sá um fyrirlesturinn. Á lokadegi félagsmála eldri nemenda seinnipartinn í maí, sáu foreldrar nemenda í 10. bekk um að grilla ofan í unglingana og keyptu gos með grillmatnum. Vorhátíð skólans var haldin föstudaginn 27. maí og sáu bekkjarfulltrúar foreldra ásamt stjórn foreldrafélagsins um að skipuleggja ratleik með öllum nemendum skólans. Foreldrafélagið styrkti einnig skólann um kaup á StoryStarter tæknigósetti.

*Stjórn Foreldrafélags Varmahlíðarskóla*

## Forvarnir

Í vetur var boðið upp á fræðslu fyrir nemendur í 8. - 10. bekk, foreldra þeirra og starfsfólk á vegum Marita fræðslunnar.

Nemendur 3. bekkjar tóku þátt í árlegu Eldvarnaátaki Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS). Átakið felst í því að slökkviliðsmenn heimsækja nemendur 3. bekkjar í gunnskólum landsins og fræða þá um eldvarnir. Einnig er þeim gefinn kostur á að taka þátt í Eldvarnagetrauninni sem nemendur taka með sér heim og leysa í samvinnu við fjölskyldur sínar. Til okkar komu tveir vaskir menn, fulltrúi úr hvorum hópi, og gekk heimsóknin mjög vel og mæltist afar vel fyrir.

Nemendur í 9. og 10. bekk fengu Siggu Dögg kynfræðing í heimsókn í mars. Hún kjaftaði við þá um kynlíf.

Nemendur í 1., 2., 3. og 4. bekk sáu leiksýninguna „Krakkarnir í hverfinu“ sem er í boði fyrir alla grunnskóla landsins og er sýningin kostuð af ríkissjóði sem samstarfsverkefni innanríkis-, mennta- og menningarmála- og velferðarráðuneytisins og er vitundarvakning um ofbeldi gagnvart börnum. Þetta eru leikþættir þar sem brúður eru notaðar til að fræða börnin um líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi. Fræðslan felst í því að brúðurnar ræða saman um það sem þær hafa lent í.

Eins og hefð er orðin fyrir luku nemendur í 10. bekk grunnnámskeiði í skyndihjálpi á vordögum. Var það Sigurlína H. Einarsdóttir sem kenndi það á þemadögum í maí.

Skólahjúkrunarfræðingur sá um ýmiss konar fræðslu inni í bekkjum.

Öryggisvörður og trúnaðarmenn sóttu námskeið um öryggi á vinnustað.

*Lára Gunndís Magnúsdóttir*



## Gaman saman

Gaman saman er samstarfsverkefni grunn- og leikskóla. Það byggir á gagnkvæmum heimsóknum milli skólahóps leikskólans og allra bekkja grunnskólans. Markmiðið er að auka félags- og tilfinningaþroska nemenda og undirbúa skólahóp leikskólans fyrir skólaveru. Þetta verkefni hefur gengið mjög vel og ýmsir bekkir skólans hafa farið í heimsókn á leikskólann. Þar hefur verið leikið, lesið og sungið. Markmiðið er að börnin komi í kennslustundir í sem flestum námsgreinum skólans.

Skólahópurinn hefur m.a. komið í ensku með 8. bekk, myndmennt með 7. bekk, heimilisfræði með 3. bekk og tölvukennslu með 9. bekk.

Einnig hafa yngstu bekkir skólans og skólahópur leikskólans farið saman í vettvangsferðir um nágrenni skólanna að vori og hausti. Skólahópurinn hefur fengið að koma á lokaæfingu fyrir árshátíð yngri nemenda og 1. bekkur fór á útskrift skólahóps. Teljum við þetta verkefni hafa gengið mjög vel og ekkert nema gleði og gaman sem hefur fylgt því.

*Birgitta Sveinsdóttir og Sara Gísladóttir*



## Heilsueflandi grunnskóli

Í heilsueflandi teymi sitja: Bryndís Bjarnadóttir, Sigurlína Hrönn Einarsdóttir, Lára Gunndís Magnúsdóttir, Sigfríður Jódís Halldórsdóttir, Hanna Dóra Björnsdóttir, fulltrúi foreldra: Laufey Haraldsdóttir, fulltrúar nemenda: Ingunn Ingólfssdóttir og Helgi Mednis Guðmundsson. Markmið vetarins var hreyfing.

Í skólabyrjun var haldin hreyfivika þar sem nemendur unnu í hópum. Boðið var upp á kynningu á golfi og siglingum. Einnig var dans, klifur, minigolf, glíma, vinaliðaleikir, öryggi í náttúrunni, trampólín og hjólaferð í boði. Myndaalbúm frá hreyfivikunni er að finna á heimasíðu skólans.

Þessi hreyfivika tókst afar vel og var góð byrjun á skólaárinu.

Bryndís, Lína og Lára voru með kynningu á verkefninu á fræðsludegi allra skóla í Skagafirði og á haustþingi KSNV.

Við fengum Hildi Karen frá Grundarskóla á Akranesi í heimsókn með fyrirlestur fyrir starfsfólk. Hún hefur gefið út námsefni um hreyfingu í almennum kennslustundum, bókina Hreyfistund. Einnig fræddi hún okkur um öryggi í umferðinni en Grundarskóli er leiðandi í umferðarfræðslu.

Í janúar var unnið með geðorðin.

7. og 10. bekkur heimsóttu eldri borgara á Löngumýri.

Við fengum danskennslu tvisvar sinnum í hreyfivíkunni og á þemadögum að vori. Kostnaður við kennsluna var greiddur af styrk frá Lýðheilsusjóði. Einnig var kostnaður vegna heimsóknar Hildar Karenar greiddur af þessum styrk. Danskennslan endaði með sýningu á afmælishátíð.

Við sóttum enn og aftur um styrk til Lýðheilsusjóðs vegna áherslu á lífsleikni á næsta skólaári.

*Bryndís Bjarnadóttir, Lára Gunnís Magnúsdóttir, Sigurlína Hrönn Einarsdóttir*

## Heilsugæsla

Viðvera hjúkrunarfræðings í Varmahlíðarskóla var einu sinni í viku, þriðjudaga kl. 9:00 - 12:00. Verkefni hans eru m.a. líkamsskoðanir hjá nemendum í 1., 4., 7. og 9. bekk og bólusetningar samkvæmt skema frá Landlækniseimbættinu. Vegna breytinga á greiðsluþjónustu sjúkra-trygginga vegna tannlækninga barna var einungis kennd flúorskolun í 1. bekk og fengu börnin síðan flúorflösku með sér heim. Nú fá öll börn 6-18 ára fría tannlæknaþjónustu fyrir utan komugjald sem er greitt einu sinni á ári.

Þá er heilbrigðisfræðsla í 1. og 2. bekk þar sem fjallað er m.a. um handþvott, tannvernd og fræðslu um notkun hjálma. Kynfræðsla og fræðsla um kynheilbrigði fer fram í 6., 7., 9. og 10. bekk. Fræðsla um tannheilsu og tannburstun í 1., 4. og 7. bekk og um hollustu og hreyfingu í 3., 5. og 8. bekk, einnig um líkamsímynd í 8. bekk. Fræðslan er í samráði við bekkjarkennara, náttúrufræðikennara, heimilisfræðikennara og fleiri.

Á viðverutíma leita nemendur til hjúkrunarfræðings með ýmis mál. Algengast er eftirlit með smásárum, minni háttar tognunum og þess háttar, beiðnir um eftirlit eins og t.d. að mæla hæð og þyngd sem og að athuga sjónskerpu.

*Sigrún Sigurðardóttir, hjúkrunarfræðingur*

## Náms- og starfsráðgjöf

Þetta skólaár gekk ekki að ráða náms- og starfsráðgjafa við skólann. Ætlunin var að ráða einn slíkan til okkar sem og í Grunnskólann austan Vatna en því miður gekk það ekki eftir. Því var verkefnum dreift niður eftir bestu getu. Umsjónarkennarar sáu um einstaklingsviðtöl við sína nemendur, fræðsla um nám og störf og framhaldsskólakerfið fór fram í lífsleiknitímum hjá 9. og 10. bekk. Einnig var ákveðið að Selma Barðdal uppeldis- og sálfræðiráðgjafi yrði með fasta tíma hér annan hvern miðvikudag. Hún kom þá meira inn í vinnu með samskipti og hópefli í bekkjum sem og einstaklingsmál auk þess að sitja nemendaverndarráðsfundi. Helga Rós kom einnig inn í hópefli í bekkjum og í stöku einstaklingsmál.

Haldinn var kynningarfundur í samstarfi við FNV þar sem nemendur 10. bekkjar og foreldrar þeirra fengu annars vegar kynningu á framhaldsskólakerfinu og hins vegar kynningu á FNV. Einnig gafst 9. og 10. bekkjum kostur á að kynna sér námsframboð og húsakynni VMA og MA þegar farið var á undankeppni Skólahreysti á Akureyri.


Einnig fóru nemendur í 10. bekk í starfskynningar á vordögum en þá gátu nemendur kynnt sér tvö fyrirtæki eða starfsgreinar. Það voru lífsleikni- og umsjónarkennarar sem héldu utan um það.

Það er von okkar að hægt verði að bæta úr þessu á komandi skólaári.

*Helga Rós Sigfúsdóttir*

## Nýsköpunarkeppni grunnskóla 2016

Tilgangur keppninnar er að efla nýsköpunarstarf í grunnskólum og gera börnum grein fyrir sköpunargáfu sinni og hvernig megi þroska hana í gegnum vinnu með eigin hugmyndir.



Í vetur tókum við enn og aftur þátt í Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda. Verkefnið var kynnt nemendum í 5., 6.

og 7. bekk, þar sem farið var inn á heimasíðu keppninnar og skoðuð myndbönd og kynningarefni.

Nemendur höfðu

frjálst val um hvort þeir tækju þátt eða ekki, en langflestir kusu að taka þátt, ýmist sem einstaklingar eða í pörum. Þá fengu nemendur tíma með kennara í kennslustundum í náttúrurfræði til að vinna að hugmyndaþróun í tvær vikur. Ef hugmyndin var ekki fullunnin að þeim tíma liðnum, fóru nemendur með verkið heim og fullunnu það þar. Héðan úr skólanum fóru rétt um 30-40 hugmyndir frá þessum þremur bekkjum.

Það kom svo á daginn að fjórir nemendur úr Varmahlíðarskóla komust áfram í keppninni. Það voru þeir Indriði Ægir Þórarinsson og Óskar Aron Stefánsson úr 6. bekk með tvær hugmyndir, annars vegar var um að ræða markaðs og hins vegar tappahníf. Úr 5. bekk fóru þær Lilja Diljá Ómarsdóttir og Flóra Rún Haraldsdóttir en þær voru með innanhússkó með tökkum.





Það voru 39 hugmyndaríkir krakkar úr 5. – 7. bekk sem komust áfram í vinnustofur og í úrslit keppninnar með samtals 27 hugmyndir. Vinnustofurnar stóðu yfir í þrjá daga og hófust fimmtudaginn 19. maí. Börnin unnu í tvo daga í HR að hugmyndum sínum, útbjuggu frumgerðir og kynningarspjöld sem voru til sýnis á lokahófinu. Þriðja daginn unnu börnin í vinnusmiðju í Arion banka að fjármálalæsi. Í vinnusmiðju NKG beittu hugmyndasmiðirnir sköpunargáfu sinni við að útfæra hugmyndir sínar í það form sem lýsir henni best, með smíðum, saumum, teikningum, forritun og framsagnarpjálfun. Til leiðsagnar voru kennarar og nemendur HR og HÍ, fulltrúar frá SKEMA, FAFU og JCI á Íslandi.

Í lokahófi voru veitt verðlaun í þremur aðalflokkum. Þeir Indriði Ægir og Óskar Aron hrepptu 3. verðlaun í sínum aldurshópi fyrir markaappið. Nokkrir þátttakenda kynntu sín verkefni við hátíðahöldin og voru þeir Indriði og Óskar þar á meðal.

*Sigrún Benediktsdóttir, Trostan Agnarsson og Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir*

### Sérkennsla og stuðningur við nemendur

Til að mæta ólíkum þörfum nemenda býður Varmahlíðarskóli upp á sérkennslu og stuðning af ýmsu tagi. Sérkennsla og stuðning við nemendur annast kennarar, sérkennari og stuðningsfulltrúar skólans. Sérkennsla/stuðningur getur verið kennsla einstaklinga eða lítilla hópa og fer fram í bekkjarstofu eða í sérkennslustofum, allt eftir því sem þykir henta hverju sinni. Stuðningsfulltrúar vinna með kennurum og veita einstökum nemendum stuðning, jafnt í kennslustundum sem utan þeirra, t.d. í matsal, í frímínútum og í íþróttahúsi. Umsjón með sérkennslu/stuðningi hefur deildarstjóri stoðþjónustu, Sara Regína Valdimarsdóttir.

Til grundvallar stuðningi liggur mat á stöðu einstakra nemenda, unnið innan skólans, eða greining frá viðurkenndum greiningaraðilum, svo sem sérkennara (lestrargreining) og/eða sálfræðingi Fræðsluþjónustu Skagafjarðar, Greiningarstöð ríkisins og öðrum. Einn liður í að greina erfiðleika og þörf fyrir stuðning er að skima nemendahópa. Kennarar skólans nýta sér skimunarpróf úr Skagfirsku skimunarmöppunni en allir grunnskólar Skagafjarðar vinna skv. henni. Hér er yfirlit yfir þau skimunarpróf og prófníðurstöður sem skólinn nýtti sér s.l. skólaár:

- Leið til læsis í 1. bekk. Skimun í október og eftirfylgniþróf í febrúar og apríl.
- Læsispróf Námsgagnastofnunar í 2. bekk í október og febrúar, Lesmál í apríl.
- LOGOS lestrarskimun í 3., 6. og 9. bekk. Í bígerð er að
- Hraðapróf í lestri (atkvæðapróf) 4-5 sinnum að vetri í 2.-8. bekk.
- Talnalykill (stærðfræðiskimun) eftir áramót í 6. bekk.
- Lesskilningsprófið Orðarún að hausti í 3.-8. bekk.
- Aston Index stafsetningarathugun í 2.-7. bekk að hausti.

- Niðurstöður samræmdra prófa í 4., 7. og 10. bekk.

Úrræði skólans við sérkennslu/stuðning eru margvísleg og miðast við hvern og einn einstakling eða hóp. Fyrir sérhvern nemanda sem einhvers stuðnings nýtur er gerð einstaklingsáætlun. Ávallt er gengið út frá bekkjarnámskrá og einstaklingsnámskrá löguð jafnt að henni sem þörfum einstaklings. Nefna má aðlögun námsefnis, notkun kennsluforríta, notkun hljóðefnis og myndefnis á Netinu, notkun vinnubóka á rafrænu formi og notkun Easy Tutor, hljóðgervils. Með spjaldtölvuvæðingu nemenda verður enn betur hægt að laga kennsluaðstæður og námsefni að þörfum hvers og eins. Stundum fá nemendur fleiri verklegar greinar í stað bóklegra ef það hentar þeim betur, einnig fá nemendur aðstoð og utanumhald við heimanám. Þá fá nemendur stuðning í prófum/námsmati ef óskað er og/eða kennari metur svo, þar má nefna upplestur spurninga og skriftaraðstoð, munnleg próf, lengdan tíma og næði í sérstofu. Einstaklingsáætlun er metin í janúar og maí og skrifuð skýrsla.

Lagt er kapp á gott samstarf við heimili nemenda því samhent vinnubrögð og opin umræða eru forsendur þess að góður árangur náist við stuðninginn. Í mörgum tilfellum eru haldnir reglulegir teymisfundir með foreldrum, stuðningsaðilum innan skólans og deildarstjóra stoðþjónustu auk þess sem aðrir aðilar koma inn á fundi, svo sem ráðgefandi þroskaþjálfari frá Fjölskylduþjónustu Skagafjarðar, talmeinafræðingur og sjúkraþjálfari. Æskilegt væri að vinnureglan væri sú að vegna allra nemenda sem sérlegs stuðnings njóta beri að halda 4 teymisfundi á ári að jafnaði.

### Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð kom saman að jafnaði á 6 - 8 vikna fresti á starfstíma skólans.

Fundi ráðsins s.l. vetur sátu: skólastjórnendur, deildarstjóri stoðþjónustu, skólahjúkrunarfræðingur, uppeldis- og sálfræðiráðgjafi og fulltrúi frá Fjölskylduþjónustu Skagafjarðar. Megintilgangur ráðsins er að bæta upplýsingaflæði á milli aðila sem vinna með nemendur sem eiga í erfiðleikum og leita ráða til úrbóta.

### Talmeinafræðingur

Á vegum Fræðsluþjónustu Skagafjarðar er starfandi talmeinafræðingur. Hann kom tvisvar í mánuði í Varmahlíðarskóla og sinnti nemendum auk þess að veita ráðgjöf til kennara og stuðningsaðila.

### Sálfræðingur

Sálfræðingur frá Fræðsluþjónustu Skagafjarðar sinnti greiningarvinnu við skólann í vetur. Hann kemur aðeins einu sinni í mánuði hingað á svæðið. Þrátt fyrir fyrirmyndar skilvirkni þess aðila tókst honum ekki að ljúka öllum málum sem til hans var vísað hér úr skólanum en meirihluti mála fékk þó afgreiðslu. Málum vegna félagslegra vandkvæða og/eða tilfinningalegrar líðanar sem vísað er til sálfræðings eða sálfræðiráðgjafa hefur fjölgað mjög síðastliðna vetur.



### Uppeldis- og sálfræðiráðgjafi

Á vegum Fjölskylduþjónustu Skagfirðinga er starfandi uppeldis- og sálfræðiráðgjafi. Viðkomandi aðili hefur veitt þjónustu í Varmahlíðarskóla að jafnaði þrjá daga í mánuði í vetur ásamt því að sitja alla nemendaverndarráðsfundi.

Þá hefur skólinn á vegum Fjölskylduþjónustu aðgang að öðrum sálmeðferðarfræðingi sem hefur hitt nokkra nemendur skólans.

*Sara R. Valdimarsdóttir,  
deildarstjóri stoðþjónustu*



### Skín við sólu

Höfuðáhersla var lögð á sögupáttinn í verkefni ársins. Farið var allítarlega yfir Grettis sögu, sagan sögð og svo rædd frá ýmsum hliðum. Fjallað um merka sögustaði sem þar koma fyrir og aðra sem fólk þekkir úr eigin umhverfi og kannast vel við úr daglegu lífi.

Fjallað var um það hvernig umhverfi mótar fólk og hvernig sagan virðist lifa með fólkinu og fólkið lifa í sögunni sem stundum virðist svo fjarlæg en þó um leið nálæg.

Gerður var nokkur samanburður á því hvernig saga er sögð á mismunandi tímum og einnig hugleitt hvaða áhrif það hefur þegar saga er sögð á ljóðformi.

Nemendur lærðu ekki ljóðið Skín við sólu utan að, heldur önnur ljóð, en það var samt grunnur margs sem tekið var til athugunar, eins og að ofan greinir, og þar sem segja má að ljóðið sé bæði upphaf og endir verkefnisins fór vel á að nemendur læsu fáein erindi úr því á skólaslitum um leið og verkefninu lauk formlega.

*Trostan Agnarsson*

## Skólablaðið

Það er orðin venja að gefa út skólablað í tengslum við árshátíð yngri nemenda. Blaðið var selt á 1.000 kr. og eru þessir peningar nýttir í þágu nemenda. Skólablaðið var prentað í 50 eintökum en það gleymdist að selja það á árshátíðinni sem haldin var í Miðgarði. Það var því reynt að selja það á öðrum upptákum skólans. Seld voru u.þ.b. 35 blöð. Auglýsingar voru fengnar frá Vélavali, Hótel Varmahlíð, KS Varmahlíð og Arion banka allar upp á 20 þúsund.



*Sara Gísladóttir*

## Stóra upplestrarkeppnin

Eins og áður tóku nemendur í 7. bekk þátt í Stóru upplestrarkeppninni í ár en hún hófst að venju 16. nóvember á Degi íslenskrar tungu. Í haust æfðu nemendur sig af kappi fyrir dagskrá sem þeir tóku þátt í með Skagfirski kammerkórnum á Löngumýri. Þar fluttu þeir minningarbrot úr ævi skáldkonunnar Ólínu Jónasdóttur frá Silfrastöðum auk þess að lesa upp úr verkum hennar.

Fimmtudaginn 13. mars fór fram undankeppni Stóru upplestrarkeppninnar í Varmahlíðarskóla. Allir nemendur 7. bekkjar kepptu til úrslita og stóðu þeir sig allir með mikilli þýði. Þeir nemendur sem báru sigur



úr bítum voru þau Jón



Hjálmar Ingimarsson, Erna Sigurlilja Ólafsdóttir, Herdís Eir Sveinsdóttir, Hafsteinn Máni Björnsson og Sunna Sif Friðriksdóttir sem var valinn varamaður.

Tilgangur keppninnar er að efla áhuga og færni nemenda í upplestri og bókmenntum. Nemendur æfðu upplestur af miklum móð í allan vetur en í keppninni lásu þeir upp texta og ljóð að eigin vali. Dómarar keppninnar voru þau Ingibjörg Hafstað, Gísli Gunnarsson og Kristín S. Einarsdóttir.

Lokahátíðin í héraði fór fram 12. apríl í Bóknámshúsi Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra þar sem fulltrúar grunnskóla Skagafjarðar kepptu til úrslita og var það Jón Hjálmar Ingimarsson sem bar sigur úr bítum.

Þá var 7. bekk boðið að lesa upp fyrir eldri borgara að Löngumýri í vor. Þar lásu nemendur ýmist ljóð að eigin vali eða laust mál. Nemendur nutu sín vel með eldri borgurum og stóðu sig með ágætum.

*Sigrún Benediktsdóttir*



## Stærðfræðikeppni Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og Menntaskólans á Tröllaskaga

Nemendur í 9. bekk tóku þátt í stærðfræðikeppni Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og Menntaskólans á Tröllaskaga. Tilgangurinn með þessari keppni er að auka áhuga nemenda á stærðfræði og þrautalausnum og efla tengsl grunnskóla á Norðurlandi vestra við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og Menntaskólann á Tröllaskaga. Öllum nemendum í 9. bekk á Norðurlandi vestra, í Fjallabyggð og á Dalvík var boðin þátttaka. Af 17 nemendum sem komust áfram eftir forkeppnina voru þrír nemendur úr Varmahlíðarskóla. Friðrik Snær Björnsson vann stærðfræðikeppnina með fullt hús stiga.

*Helga Rós Sigfúsdóttir*

## Sveitadagar vorið 2016

Undanfarin ár hafa nemendur unnið vorverkefni sem byggjast á veru í sveit og er þeim ætlað að sinna störfum þar. Eins og síðastliðin ár, tóku allir nemendur skólans þátt í verkefninu. Sveitadagarnir voru fjórir að þessu sinni og var skiladagur verkefna á föstudeginum. Nemendum var ætlað að sinna ýmsum störfum í sveitinni og skrifa dagbók um hvað á daga þeirra hafi drifið auk þess að svara nokkrum spurningum. Flestir nemendur unnu heima en aðrir voru í vist hjá vinum og vandamönnum. Nemendur og viðtakendur þeirra þurftu að fylla út matsblað um hvernig gekk og er óhætt að segja að allir sem þeim svöruðu hafi verið mjög jákvæðir og tilbúnir í svona verkefni að ári. Samkvæmt matsblaðinu voru nemendur yfirleitt vinnusamir og jákvæðir og skemmtu sér hið besta.

*Birgitta Sveinsdóttir, Helga Sigurðardóttir og Sigrún Benediktsdóttir*

## Valgreinar í 8. – 10. bekk

Nemendur velja námskeið tvisvar á ári, annars vegar að hausti og hins vegar við annaskipti í janúar. Hlutfall kennslustunda í vali eru um það bil 22% af kennslu nemenda í unglingadeild og verður það einnig næsta skólaár. Í vetur var boðið upp á kennslu í valgreinum í 8., 9. og 10. bekk. List- og verkgreinar voru að venju stærsti hluti valsins. Kennt var í námskeiðsformi 4x í viku, 80 mínútur í senn. Í eftirfarandi töflu er hægt að sjá framboð valgreina undanfarnar annir.

| <b>Valgreinar - haustönn</b>                                                                                                                                                                                                                                                                                                               | <b>Kennari</b>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Almenn matreiðsla</b><br><b>Bakstur</b><br><b>B-íþróttir</b><br><b>Fab Lab</b><br><b>Íþróttir/glíma</b><br><b>Leiklist</b><br><b>Leikskólaval</b><br><b>Málmsmíði</b><br><b>Skólahreysti</b><br><b>Smíði</b><br><b>Stuttmyndagerð</b><br><b>Textílmennt</b><br><b>Tónlist</b><br><b>UTN fjarnám fyrir 10. bekk</b>                      | Bryndís Bjarnadóttir<br>Bryndís Bjarnadóttir<br>Sigurlína Hrönn Einarsdóttir<br>Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir<br>Karl Lúðvíksson<br>Helga Rós Sigfúsdóttir<br>Starfsfólk leikskólans<br>Einar Örn Einarsson<br>Sigurlína Hrönn Einarsdóttir<br>Guðmundur Magnússon<br>Íris Olga Lúðvíksdóttir<br>Þyrey Hlífarsdóttir<br>Helga Rós Sigfúsdóttir<br>Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir |
| <b>Valgreinar- vorönn</b>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                  | <b>Kennari</b>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                |
| <b>Almenn matreiðsla</b><br><b>Bakstur</b><br><b>Fab Lab</b><br><b>Fimleikar, blak...</b><br><b>Gestamóttaka og þjónusta</b><br><b>Íþróttaval</b><br><b>Leiklist</b><br><b>Leikskólaval</b><br><b>Málmsmíði</b><br><b>Skólahreysti</b><br><b>Smíði</b><br><b>Stuttmyndagerð</b><br><b>Textílmennt</b><br><b>UTN fjarnám fyrir 10. bekk</b> | Bryndís Bjarnadóttir<br>Bryndís Bjarnadóttir<br>Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir<br>Karl Lúðvíksson<br>Bryndís Bjarnadóttir<br>Sigurlína Hrönn Einarsdóttir<br>Helga Rós Sigfúsdóttir<br>Starfsfólk leikskólans<br>Einar Örn Einarsson<br>Sigurlína Hrönn Einarsdóttir<br>Óskar Már Atlason<br>Íris Olga Lúðvíksdóttir<br>Þyrey Hlífarsdóttir<br>Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir     |
| <b>Hestamennska</b><br><b>IKG 102</b>                                                                                                                                                                                                                                                                                                      | Í samvinnu við Háskólann á Hólum<br>Í samvinnu við FNV                                                                                                                                                                                                                                                                                                                        |

Grunnskólanemendum á Norðurlandi vestra hefur verið boðið að sækja nám í áfanganum IKG 102 við FNV á Sauðárkróki. Kennt var tvær helgar, í október og nóvember. Meginmarkmið þessa verkefnis er að ná til nemenda utan Sauðárkróks. Nemendur úr 9. bekk fengu þetta tilboð og að þessu sinni nýttu 12 nemendur sér það. Fjögurra daga námskeið í hestamennsku hefur verið í boði fyrir 9. bekkina á vegum nema við Háskólann á Hólum. Að þessu sinni nýttu 15 nemendur sér námskeiðið sem haldið var í mars.

Nemendur fengu sem fyrr að koma með sínar hugmyndir að valgreinum og var reynt að taka tillit til þess í framboði á valgreinum.

*Lára Gunnís Magnúsdóttir*

## Vinaliðaverkefnið

Þetta skólaár hefur Varmahlíðarskóli, eins og aðrir skólar í Skagafirði, verið þátttakandi í verkefninu Trivselsprogrammet eða Vinaliðaverkefninu eins og við höfum kosið að kalla það. Guðjón Örn Jóhannsson og Gestur Sigurjónsson hafa haldið utan um verkefnið í vetur en verkefnastjórar hér hafa verið undirritaðar.

Verkefnið gengur út á að nemendur í 4. – 6. bekk skipuleggja og stjórna leikjum í frímínútum. Þeir nemendur sem stjórna leikjunum nefnast vinaliðar. Þeir eru valdir af bekkjarfélögum sínum og starfa einu sinni í viku, hálf t skólaár í senn. Þeir fá sérstaka þjálfun fyrir sín störf m.a. leikjanámskeið og einnig umbun í formi fríðindakorts og lokahófs. Vorum við með 6 vinaliða eða tvo úr hverjum árgangi í 4. – 6. bekk, stelpu og stráka, eða 12 yfir skólaárið.

Í vetur var verkefnið einnig á unglingastigi en þar þurfa nemendur að bjóða sig fram og valið er úr hópi þeirra sem það gera. Ætlunin var að velja tvo fulltrúa úr hverjum bekk þ.e. 7. – 10. bekk en enginn bauð sig fram úr hópi 10. bekkinga þannig að ákveðið var að velja 4 úr 9. bekk alls 8. Ákveðið var í samráði við vinaliða að bjóða upp á afþreyingu einu sinni í viku. Verkefnið fór hægt af stað fyrir áramót en kom meiri kraftur í það eftir áramót og af þeim sökum voru sömu vinaliðarnir allt skólaárið. Þess má geta að vinaliðar nýttu salinn í íþróttahúsinu.

Aðalmarkmiðið með verkefninu er að hvetja nemendur til meiri þátttöku í afþreyingu og almennri hreyfingu í frímínútunum og skapa um leið betri skólaanda. Einnig að bjóða nemendum skólans fjölbreyttara úrval afþreyingar í morgunfrímínútum þannig að allir finni eitthvað við sitt hæfi.

Reynsla okkar í vetur sýnir að störf Vinaliða ýta undir fjölbreyttari leiki, betri samskipti nemenda og vinskapa þvert á aldur. Gaman hefur verið að sjá hvernig nemendur skemmta sér í leik hvort sem um er að ræða gamla og góða leiki eða nýja.

*Hafðís Edda Stefánsdóttir, Sara Gísladóttir og Sólrún Jóna Ásgeirsdóttir*



## Vorferðir

### Vorferð 1. – 4. bekkjar

Að þessu sinni fóru nemendur 1. – 4. bekkjar saman í vorferð. Farið var með nesti og lá leið okkar fyrst í Samgönguminjasafnið í Stóragerði. Þar var tekið á móti okkur og við fengum leiðsögn um safnið. Að skoðun lokinni, buðu staðarhaldarar upp á djús og Prins póló í gestasalnum. Var það vel þegið og vakti hrifningu gestanna. Frá Stóragerði lá leiðin svo að gamla Hlíðarhúsinu. Þar sögðum við í stuttu máli frá sögu hússins. Fallegur trjálundur er við húsið, þar fórum við í leiki og nutum veðurbliðunnar. Þá var ekið út í Hofsós, þar sem farið var í sund. Eftir sundið voru allir orðnir svangir og var nestið borðað í kvosinni við Vesturfarasetrið. Við gengum svo um bryggjувæðið og nutum útsýnisins. Lokapunktur ferðarinnar var svo ísferð í Kaupfélagið okkar hér í Varmahlíð, þar sem allir fengu ís í brauðformi. Var þetta afar góð og velheppnuð ferð í alla staði.

*Birgitta Sveinsdóttir, Lára Gunndís Magnúsdóttir og Sara Gísladóttir*



### Vorferð 5. bekkjar

Miðvikudaginn 25. maí var lagt af stað í vorferð þá sem beðið hafði verið með óþreyju. Fyrir lá að farin yrði ferð innan héraðs og átti þá að glöggva sig á einu og öðru í nærumhverfinu sem fjallað hafði verið um í verkefninu Skín við sólu.

Ekið var út Langholtið og svo sem leið lá um Hegranes og svo út í Hofsós. Þar var dvalið um stund við fræðslu og skemmtun. Vesturfarasetrið var fyrst heimsótt og tók Valgeir Þorvaldsson þar á móti hópnum og fór stuttlega yfir tildrög þess að fólk hvarf héðan á nýjar slóðir og leiddi hópinn svo í gegnum sýninguna. Eftir þá fræðslu tók við hvíld í sundlauginni og svo var höfð hressingarstund með léttari næringu þar á eftir.

Þegar allir höfðu fengið fylli sína var haldið heim að Hólum. Þar var kirkjan skoðuð og tók Magnús Ástvaldsson á móti hópnum. Hann sagði frá ýmsu úr sögu staðarins og sýndi valda gripi í kirkjunni.

Eftir þá kynnisferð var komið að lokaáfangi ferðarinnar, en það var ganga í Gvendarskál. Veður til göngu var prýðilegt, og skyggni afar gott og gladdi það göngugarpa mjög þegar upp var komið að geta litið yfir tilkomikið umhverfið og skoðað allt frá nýrri hlið.

*Trostan Agnarsson*



## Vorferð 6. bekkjar



*Við Skeljungshöfða*

Að þessu sinni var farið í hjólaferð og var ferðinni heitið í Heiðarland sem er gangnamannaskáli Blöndhlíðinga og er staðsettur við rætur Öxnadalsheiðar að vestan. Dagurinn byrjaði með morgunmat og þurftu nemendur einnig að smyrja sér nesti til ferðarinnar. Lagt var af stað með rútu um klukkan 10:00 frá Varmahlíðarskóla og ekið sem leið lá að Skeljungshöfða sem er rétt við afleggjarann á Kjálka. Einnig fylgdi bíll með kerru sem flutti hjólhestana að höfðanum. Þaðan var hjólað í Heiðarland með stoppi í Kotárgili, gengið upp gilið að fossinum og tók sú ferð u.þ.b. klukkustund og síðan borðaður hádegisverður, samloka, kex og drykkur.

Einnig var stoppað við Kotá og borðaður aukabiti, kex, ávextir og drykkur. Bíll fylgdi með alla leið. Þegar komið var á leiðarenda var farið í leiki úti og inn. Vinsælasti leikurinn var YFIR og var hann leikinn alveg fram að svefntíma. Kl. 22:30 áttu allir að fara að huga að því að koma sér í svefnpoka og upp úr kl. 23:00 voru allir komnir í svefnpokana og að lokum seig Óli lokbrá á mannskapinn. Daginn eftir var farið á fætur kl. 8:00, borðaður morgunmat, gengið frá öllu og síðan var lagt af stað heim um klukkan 10:15 en rútan átti að koma að Skeljunghöfðanum klukkan 12:00. Komu nemendur ánægðir og þreyttir í Varmahlíðarskóla hálf tíma síðar. Með í för var Sigrún Gylfadóttir og Sigurlína Hrönn Einarsdóttir og hjóluðu þær með nemendum.



*Hafðís Skúladóttir, Sigrún Gylfadóttir og Sigurlína Hrönn Einarsdóttir*

## Vorferð 7. og 8. bekkjar



Dagurinn byrjaði á að nemendur fengu sér morgunmat og smurðu sér nesti fyrir daginn. Lagt var af stað frá Varmahlíðarskóla klukkan 8:45 og lá leiðin á Dalvík um Öxnadalshéiði þar sem átti að berja Byggðasafnið Hvol augum en þar eru Jóhannsstofa (Jóhanns Svarfdælings), Kristjánsstofa (Kristjáns Eldjárns) auk jarðskjálftaherbergis og fuglasafns.

Næst var farið í sund á Dalvík og þar var nestið borðað. Til að drepa tímann var farið í sjoppu og sallað á sig sykri áður en farið var á Árskógssand og skellt sér ferjuna Sævar sem flutti okkur út í Hrísey. Í Hrísey var farið í dráttarvélaferð um eyna en það var engin leiðsögn og var það galli. Ferðin endaði við safn Hákarla Jörundar þar sem við kíktum aðeins inn.



Eins og á Dalvík þurfti að drepa tímann fram að mat og þar lék lánið við okkur þar sem nokkur leiktæki eru í eygni og skemmtu nemendur sér í þeim. Við borðuðum um kaffileytið hamborgara á matsölustaðnum Verðúðin 66, drápum tímann í leiktækjunum og búðinni uns lagt var af stað heim með ferjunni klukkan 17:00. Farið var sömu leið til baka þ.e.




um Öxnadalsheiði og var áætluð koma í Varmahlíðarskóla um klukkan 18:30 en vegna smá sjóveiki og ógleði töfðumst við um hálf tíma.

*Helga Sigurðardóttir og Sigrún Benediktsdóttir*

### Vorferð 9. bekkjar

Til stóð að 9. bekkur færi í sína árlegu gönguferð í Hildarsel nú á vordögum. Venjan er reyndar að farið sé á haustin en þar sem haustið 2012 setti allt úr skorðum og enginn hópur komst þá höfum við verið að reyna að ná í skottið okkur með þetta. Ekki náðist það þetta árið þar sem færð reyndist ekki nógu góð. Stefnum við á að laga þessa skekkju næsta haust og fara þá bæði með 9. og 10. bekk.

Þar sem þetta tókst ekki var farið í stutta göngu- og skemmtiferð. Guðmundur húsvörður ferjaði okkur að afleggjaranum í Saurbæ og þaðan gengum við að Reykja-fossi. Þar var dáðst að náttúrunni, gripið í spil, spilaður fótbolti, nokkrir skelltu sér í Fosslaug en færri skelltu sér í ána sjálfa. Dýrindissteik var svo grilluð; fullt af SS pylsum, tilheyrandi meðlæti og sykurlúðar í eftirmat.



Eftir að hafa legið á meltunni litla stund var ákveðið að labba í Steinsstaði til að fara í fótbolta á fótboltavelli í stað þess að stunda hann á árbakkanum. Við gengum beint af augum, yfir skurði og fram hjá hinum ýmsu húsdýrum. Þar var svo fótbolti spilaður af miklum móð þar til komið var að heimferð.

Íris Olga Lúðvíksdóttir fór með okkur í þessa ferð.



*Helga Rós  
Sigfúsdóttir*

### Danmerkurferð 10. bekkjar

Farið var til Kaupmannahafnar þann 17. maí og komið aftur til Reykjaness þann 20. maí. Með í för ásamt 10. bekkjum, 21 talsins, voru Ólafur A. Sindrason umsjónar-, dönskukennari og fararstjóri, Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir kennari, Sigríður Garðarsdóttir stuðningsfulltrúi og Jón Magnús Katarínusson foreldri. Lagt var af stað frá Varmahlíðarskóla um klukkan 23:30 þann 16. maí á leiðis til Keflavíkur og komið þangað rétt um kl. 4:30 um morguninn 17. maí. Þó komið sé snemma á flugvöllinn er gott að hafa tíma upp á að hlaupa – ef eitthvað gerist á leiðinni.

Öll ferðin var greidd af nemendum sjálfum – sem með sérstökum dugnaði og skipulagi, ásamt dyggilegum stuðningi foreldra sinna, söfnuðu fyrir ferðinni. Undantekningalítið var nemendum mjög vel tekið þegar þeir leituðu stuðnings nærsamfélagsins.

Gist var á CABINN City hóteli - í miðborg Kaupmannahafnar. Aðstaða þar var góð – þægileg stærð á öllu. Staðsetning vegur þungt á metum þar sem röltfæri er á Aðaljárnbrautarstöðina, Tívolí, Ráðhústorg og Strikið. Nemendur skoðuðu söfn í Kaupmannahöfn m.a. Rundetårn, Tøjhusmuseet, Ripley's (furðusafnið), Blá Planet sæðýrasafnið o.fl. Einnig var farið í síkja-siglingu, Tívolí og Bakken, ásamt veitingahúsum, að ógleymdu Strikinu.

Ferðin þótti takast með afbrigðum vel og voru nemendur og kennarar afar ánægðir þegar heim var komið. Lending á Reykjanesi var um kl. 14.30 þann 20. maí og heim í Skagafjörðinn vorum við komin um kl. 20.00 þann 20. maí.

Gildi slíkra ferða þarf vart að tíunda. Þó svo að flestir nemendur hafi ferðast til útlanda og séu vanir ferðalögum er alltaf gaman að ferðast í góðum hópi undir leiðsögn staðkunnugra. Að ferðast til annarra landa opnar huga nemenda fyrir því sem ólíkt er hinu vanalega á heimaslóðum, gerir nemendur víðsýnni og þroskar með þeim alþjóðlega samfélagsvitund. Slíkt ber ekki að vanmeta – þó svo skemmtigildi ferðanna sé auðvitað það sem nemendur einblína fyrst og fremst á. Æskilegt væri, í tengslum við slíkar ferðir í framtíðinni, að taka upp samskipti við skóla í Danmörku – nálægt Kaupmannahöfn og koma nemendaskiptum aftur á. Slíkt eykur gildi ferða sem þessara, eykur vægi dönskukennslunnar og kemur nemendum í snertingu við hið daglega danska heimilislíf, auk þess sem kynni við jafnaldra á erlendri grundu þroska

nemendur í félagsfærni. Stefnt er að því að finna skóla til samskipta við – sem allra fyrst, og hefja þar með undirbúning að skiptiheimsóknum.

*Ólafur Atli Sindrason*



## Bókasafn Varmahlíðarskóla

### Starfsskýrsla veturinn 2015 - 2016

Bókasafnið var opið allan skóladaginn, fjóra daga vikunnar og á þeim tíma gátu nemendur skólans og starfsfólk fengið bækur að láni. Nemendur 1. – 4. bekkjar fengu bókakassa lánaða til að hafa í stofunum og var skipt um þá annað slagið. Einnig fengu sumir bekkir tímaritaöskjur að láni til skemmri tíma og var Andrés Önd hvað vinsælastur. Safnið var opið fyrir almenning eftir hádegi á mánudögum, þriðjudögum og fimmtudögum, eina til tvær klukkustundir í senn, og voru það allnokkrir sem nýttu sér það, þó að ýmsir kæmu á öðrum tímum sem hentuðu þeim betur.



Bókasafn Varmahlíðarskóla

Á safninu er gott úrval skáld- og fræðiritra, bæði fyrir börn og fullorðna og sum þeirra eru til á hljóðbókum. Þar er einnig að finna tímarit, myndbönd og mynddiska. Fjárframlög til safnsins frá rekstraraðilum skólans hafa jafnan verið rausnarleg og gert okkur kleift að bæta verulega við safnkostinn á hverju ári.

Nemendur 1. - 6. bekkjar voru í formlegri safnkennslu einn tíma á viku og eldri nemendur fengu aðstoð við heimildaöflun ýmiss konar og gátu unnið á safninu eftir þörfum. Var það töluvert nýtt og nemendur sem ekki gátu farið í sund eða íþróttir voru á safninu við heimavinnu, sinntu öðrum verkefnum eða lásu á meðan. Nemendur í 8. bekk sem læra norsku og sænsku í stað dönsku sinntu fjarnámi á safninu. Einnig er safnið mikið notað til sérkennslu ýmiss konar. Listaverk eftir nemendur, unnin í myndmennt, eru jafnan höfð til sýnis á bókasafninu.

Nemendur 1.- 4. bekkjar unnu að ýmsum safnaverkefnum og hlustuðu á sögur, auk myndgerðar. 5. og 6. bekkjar unnu veggspjöld og safnaverkefni auk þess sem þau bjuggu til rafbækur í forritinu Book Creator.

Nemendur á miðstigi voru afar duglegir að fá bækur að láni á safninu. Mjög misjafnt er eftir bekkjardeildum hve börnin eru dugleg að lesa og virðist þar hvatning bekkjarkennara hafa hvað mest að segja.

Einnig höfðu lestrarprettir sem voru í gangi í vetur góð áhrif, sérstaklega á yngri nemendur. Haldið var upp á *Bangsadaginn* í skólanum þriðjudaginn 27. október. Þá komu margir bangsar (og ýmis önnur kvikindi) og eigendur þeirra í heimsókn á safnið.



Bókaafnið tók þátt í *Norrænu bókasafnavikunni*, 10. - 16. nóvember, og var þemað í ár *Vínátta á Norðurlöndunum* Upplestrarbækurnar voru barnabókin *Vöffluhjarta* eftir norska höfundinn Mariu Parr, unglingabókin *Skrifa í sandinn* eftir færeyska höfundinn Marjun Syderbø Kjelnæs og *Eglis saga* fyrir fullorðna.

Vakin var athygli á þeim bókum og höfundum sem fengu viðurkenningar um veturinn og atburðum tengdum bókum. Sjötta árið í röð bauð IBBY á Íslandi til stærstu sögustundar á landinu til þess að fagna alþjóðadegi barnabókarinnar sem er 2. apríl. Að þessu sinni var það smásagan *Andvaka* eftir Birgittu Elínu Hassell og Mörtu Hlín Magnadóttur sem var lesin upp í útvarpi allra landsmanna og söfnuðust nemendur og starfsfólk saman í setustofunni til að hlusta.

Nemendur 1. – 7. bekkjar tóku þátt í atkvæðagreiðslu um *Bókaverðlaun barnanna* sem voru afhent í Borgarbókasafninu á sumardaginn fyrsta.

Efnt var til lestrarspretta í skólanum í vetur. Yngri nemendur tóku þátt á Lestrarátaki *Ævars* vísindamanns og efnt var til átaks eldri nemenda og starfsfólks á svipuðum tíma. Einnig tóku nemendur 3. og 4. bekkjar þátt í sérstöku jólabókastrarspretti. Allt reyndist þetta vel til að efla yndislestur þótt enn megi gera betur.

Í sumar verður bókasafnið opið hálfsmánaðarlega, tvo tíma í senn, og er nemendum 1.- 5. bekkjar boðið að taka þátt í svokölluðum *sumarlestri*. Tilgangurinn með því er að hvetja til lestrar yfir sumartímann því það er viðurkennd staðreynd að þeim sem eru að læra að lesa fer oft aftur á sumrin. Verður þetta í þrettánda sinn sem boðið er upp á sumarlestur og almennt hefur verið gerður góður rómur að þessu verkefni. Allir nemendur, fjölskyldur þeirra og starfsfólk skólans eru velkomin á safnið á opnunartíma í sumar.

Næsta vetur er stefnt að því að vinna nánar með bekkjarkennurum að verkefna- og þemavinnu ýmiss konar, þar sem safnið verði nýtt meira til upplýsingaleitar og heimildavinnu ýmiss konar.

#### **Bókasafnið var opið sem hér segir:**

*Mánudaga kl. 8:20 – 16:00 (kl. 15:00 – 16:00 fyrir almenning)*

*Þriðjudaga kl. 8:20 – 15:00 (kl. 14:00 – 15:00 fyrir almenning)*

*Miðvikudaga kl. 8:20 – 14:00*

*Fimmtudaga kl. 8:20 – 16:00 (kl. 14:00 – 16:00 fyrir almenning)*

#### **Útlán veturinn 2014 – 2015**

Skráð útlán voru alls 2.439 og hafði heldur fækkað frá síðasta skólaári. Einnig voru fengnar allmargar bækur í millisafnaláni frá Héraðsbókasafni Skagfirðinga.



## Sumarlestur 2015

Sumarið 2015 var í tólfta sinn boðið upp á sumarlestur í Varmahlíðarskóla. Var hann ætlaður nemendum í 1.-5. bekk og markmiðið að hvetja yngri nemendurnar til að lesa að sumrinu því kannanir hafa leitt í ljós að börnum sem eru að læra að lesa fer mjög oft aftur í lestri á sumrin.

Nemendur voru sendir heim með kynningarbréf og þátttöku-tilkynningu, þar sem foreldrar voru beðnir að vera með í ráðum og hvetja börn sín til að taka þátt, auk þess að hjálpa þeim að setja sér raunhæf markmið um hve mikið þau ætluðu að lesa.

43 nemendur skráðu sig til leiks og af þeim tóku 32 virkan þátt og stóðu við sett markmið. Alls lásu þessir 32 nemendur tæplega 31.000 s. eða 960 s. að meðaltali sem er heldur minna en sumarið áður.

Þau börn sem tóku þátt fengu send viðurkenningarskjöl, litla gjöf og gjafabréf fyrir ís að eigin vali sem K.S. Varmahlíð var svo vinsamlegt að gefa. Ekki voru veittar sérstakar viðurkenningar þeim sem lásu mest en verður það tekið til athugunar næsta haust.

Bókasafnið var opið hálfsmánaðarlega, tvo tíma í senn, alls fimm sinnum. Aðsókn var mjög góð og nemendum fylgdu foreldrar og systkini sem einnig fengu bækur að láni. Skráð útlán voru 449. Auk þess lásu nemendur heilmikið af bókum sem til voru heima hjá þeim eða fengnar að láni annars staðar.

Sumarlesturinn hefur fest sig í sessi og boðið verður upp á hann aftur næsta sumar. Þess má að lokum geta að þetta verkefni hefur þrisvar sinnum fengið rausnarlegan styrk úr *Sáttmála-sjóði K.S.*



*Varmahlíðarskóla 31.05. 2016,  
Ragnheiður Sövik*